

Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Vilhjálmi Bjarnasyni um endurskoðun á samningi við Evrópusambandið um viðskipti með landbúnaðarvörur.

1. *Er hafin endurskoðun á samningi Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur sem tók gildi 1. mars 2007 og var gerður á grundvelli 19. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið?*

Um mitt ár 2012 hófust viðræður við Evrópusambandið um endurskoðun á samningnum og hafa þær viðræður staðið yfir með hléum síðan, en áður hafði verið haldinn óformlegur fundur haustið 2011. Fundur var fyrirhugaður sl. haust og nú aftur 11. og 12. febrúar, en báðum þessum fundum var frestað að beiðni Evrópusambandsins. Unnið er að því að finna nýjan fundartíma.

2. *Ef endurskoðun er hafin, hafa stjórnvöld sett sér sérstök viðmið í þeim viðræðum varðandi aukið frelsi í inn- og útflutningi á landbúnaðarvörum á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið?*

Viðræðurnar eru komnar vel á veg. Í þeim hefur verið lögð áhersla á gagnkvæma niðurfellingu tolla á fjölmörgum tollskrárnúmerum, auk þess að semja um stækkun tollkvóta beggja aðila í þeim tilgangi að auka markaðsaðgang fyrir bæði unnar og óunnar landbúnaðarvörur.

3. *Hefur ráðherra látið framkvæma greiningu á tollvernd landbúnaðarvara og ef svo er, hver er niðurstaða þeirrar greiningar?*

Hinn 23. janúar sl. var birt ítarleg skýrsla starfshóps um tollamál á sviði landbúnaðar sem ráðherra skipaði 3. mars 2014. Hópnum var m.a. falið að gera grein fyrir helstu núgildandi samningum um viðskipti með landbúnaðarvörur, að greina sóknarfæri sem kunna að vera til staðar í núgildandi samningum, að athuga möguleika á gerð tvíhliða samninga við ný lönd og ríkjasambönd og gera úttekt á þróun tollverndar á helstu landbúnaðarvörum frá 1995. Helsta niðurstaða þeirrar greiningar er eftirfarandi:

Árið 1995 gerðist Ísland aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), auk þess hefur Ísland gert 25 fríverslunarsamninga við 35 ríki, ásamt mörgum tvíhliðasamningum um viðskipti með landbúnaðarvörur, svo sem við Evrópusambandið, Kína, Noreg, Sviss, Færeyjar og Grænland. Ísland er því aðili að viðskiptasamningum við tæplega 70 ríki um inn- og útflutning landbúnaðarvara. Í skýrslunni kemur fram að heildarinnflutningur landbúnaðarvara nam tæpum 52 milljörðum kr. árið 2013 en útflutningur var á sama tíma tæplega 8 milljarðar kr. Innflutningurinn hefur aukist um 10,5 milljarða kr. á fjórum árum en útflutningurinn um 1 milljarð kr.

Mest er tollvernd á alifuglakjöti, unnum kjötvörum og svínakjöti. Á nautakjöti, ostum, reyktu og söltuðu kjöti er hún lægri. Samkvæmt Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) hefur hlutfall tekjuígildis ríkisstuðnings af framleiðsluverðmæti bænda farið úr 77% á árunum 1986–88 í 41,3% samkvæmt nýjustu mælingum.

Útflytjendur íslenskra landbúnaðarvara hafa markaðsaðgang fyrir helstu afurðir, en þó þarf að bæta markaðsaðgang fyrir ákveðnar afurðir, svo sem mjólkurafurðir, vatn, bjór og sælgæti þar sem vaxandi tækifæri eru til útflutnings. Bættur markaðsaðgangur byggist á samningum við önnur ríki varðandi inn- og útflutning. Skýrsluna má finna á vefsíðu ráðuneytisins: www.atvinnuvegaraduneyti.is/sjavarutvegs-og-landbunadarmal/frettir/nr/8491.

4. Telur ráðherra ástæðu til að draga úr tollvernd vegna innflutnings á alifuglakjöti og svínakjöti?

Til greina kemur að dregið verði úr tollvernd á alifuglakjöti og svínakjöti, t.d. með lækkun á almennum tollum og/eða með auknum tollkvótum. Slíkt þarf þó að ráðast af gagnkvæmum samningum samningsaðila.